

**Ed.**

**214. Lög**

um löggilding verzlunarstaða.

(Afgreidd frá Ed. 3. marz).

1. gr.

Á Eyrum við Seyðisfjörð (Hánefsstaðaeyrum og Þórarinsstaðaeyrum) og í Gunnólfsvík við Finnaþfjörð, hvorttveggja í Norður-Múlasýslu, skulu vera löggiltir verzlunarstaðir.

2. gr.

Takmörk verzlunarlóðarinnar á Hánefsstaðaeyrum skulu vera Sörlastaðaá að vestan og Gullsteinseyri að austan, 300 metrar á land upp frá flóðmáli.

3. gr.

Löggilding verzlunarstaðarins í Gunnólfsvík kemur til framkvæmda þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.